

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

BEKKJARNÁMSKRÁ 2. BEKKJAR



Skólaárið 2024- 2025

Umsjónarkennarar: Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir og Marzena Glodkowska

Stuðningsfulltrúar: Guðbjörg Ásta Andradóttir og Jóna Björk Brynjarsdóttir

Sérkennari: Kristín Svanhildur Ólafsdóttir

Námstilhögun og kennsluaðstæður: Í árganginum eru 38 nemendur.
Kennsla fer fram í stofum 102 og 103

Námsmat: Námseinkunn gefin í bókstöfum fyrir öll fög.
Áhersla er á leiðsagnarnám.

Námsgreinar

ÍSLENSKA

Lestur:

- Markmið:** Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Námsefni:** Ýmsar sögubækur og verkefni unnin út frá þeim. Lestrarlandið, Ritrún, Litla Lesrún, og aðrar vinnubækur við hæfi ásamt ljósrituðu efni. Lestrarbækur eftir getu hvers og eins. Halló heimur 1 og Könnum kortin 1.
- Námstilhögun:** Unnið er samkvæmt lestrarkennsluaðferðinni Byrjendalæsi. Unnið er með gæðatexta sem kennari les og svo eru unnin verkefni út frá textanum. Byrjendalæsi er einnig samþætt við náttúrufræði og samfélagsfræði. Upprifjun á stöfum er fléttað inn í ritunarkennslu. Einnig lesa nemendur hjá bekkjarkennurum, ýmist í lestrarbókum eða annað efni.
- Heimavinna:** Nemendur lesa heima a.m.k. 5 sinnum í viku 15 mínútur í senn. Íslenskuverkefni fer heim í heimanámsmöppu einu sinni í viku.
- Námsmat:** Lesfímipróf verða 3 á skólaárinu. Lesskilningsverkefni verður lagt fyrir í hverjum mánuði og símat. Áhersla er á leiðsagnarnám.

Málfræði, ritun og skrift:

- Markmið:** Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Námstilhögun:** Nemendur vinna í Skrift 1 a og 1b, Ritrún og ýmis ritunarefni í tengslum við Byrjendalæsi
- Námsmat:** Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Áhersla er á leiðsagnarnám.

STÆRÐFRÆÐI

- Markmið:** Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkon, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
Notað tugakerfisrithátt.
Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
Funduð lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.
Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.
Unnið með mælikvarða og lögun.
Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
- Námsefni:** Sproti 2a og 2b, Húrrahefti og Stærðfræðispæjarinn og ýmis ljósrit.
- Námsmat:** Símat sem samanstendur af daglegri vinnu nemenda og kaflaprófum í Sprotabókum. Áhersla er á leiðsagnarnám.

SAMFÉLAGSFRÆÐI/LÍFSLEIKNI

- Markmið:** Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.
Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.
Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
Sett sig í spor annarra jafnaldra.
Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.
Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.
Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
Áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu.
- Námsefni:** Halló heimur, verkefni unnið tengd Uppbyggingarstefnunni, Könnum kortin, bekkjarfundir og ýmsar barnabækur nýttar til að vinna með lífsleikni.
- Námsmat:** Samþætt með Byrjendalæsi í íslensku. Áhersla er á leiðsagnarnám.

NÁTTÚRUFRAEÐI

- Markmið:** Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.
Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.
Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans.
Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.
Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.
- Viðfangsefni:** Vettvangsferðir, ljós, skuggi, litir, líkaminn, veður, eiginleikar efna, fuglar og eldstöðvar.
- Námsefni:** Halló heimur, myndir af netinu, fræðibækur, úrklippubækur nýttar og ýmis verkefni útbúin af kennurum.
- Námstilhögun:** Unnin ýmis verkefni samþætt við Byrjendalæsi í íslensku. Gerðar verða tilraunir, farið í vettvangsferðir, unnið í hópum o.fl.
- Námsmat:** Samþætt með Byrjendalæsi í íslensku.

TÓNMENT

- Markmið:** Að nemendur nái tókum á grunnhugtökum tónlistarinnar (*t.d. sterkt/veikt*).
Að nemendur kynnist hryn- og hreyfileikjum í gegnum tónlist.
- Námstilhögun:** Nemendur taka þátt í syngjandi skóli í samstarfi við Tónlistarskólann.
- Námsefni:** Ásta Kristín Pjetursdóttir velur efni.
- Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat. Áhersla er á leiðsagnarnám.

TEXTÍLMENNT

- Kennarar:** Marzena Glodkowska
- Markmið:** Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.
Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.
Sagt frá nokkrum tegundum textílefna
- Námsefni:** nál, garn, garnafgangar, þráður, skraut, pappír, efnisafgangar, skæri, fílt efni, skrautleg efni, lím
- Námsmat:** Námsmat samanstendur af: leiðsagnamati kennara, sjálfsmati, símat á verkefnum, verkefnavinnu í hverjum tíma. Einkunn gefin í bókstöfum.

TÆKNIMENT

- Kennarar:** Linda Kristín Grétarsdóttir
- Markmið:** Að kynna fyrir nemendum ólík vinnubrögð með margvíslegum efnivið.
Að efla hugmyndaflug og sköpunargleði nemenda.
Að þjálfa hug og hönd.
Að nemendur temji sér góð vinnubrögð og vandaðan frágang.
- Námsefni:** Margskonar vinna með: efni, garn, steina, skeljar, pappír. lím, tré, málningu o.þ.h.

Námsmat: Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum. Áhersla er á leiðsagnarnám.

HEIMILISFRÆÐI

Kennari: S. Eva Friðþjófsdóttir

Markmið: Að nemendur geti:

Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi

Námsmat:

Nemendur fá gefin tákni fyrir metanleg hæfniviðmið. Lokaeinkunn í formi bókstafs gefin að vori, Áhersla á leiðsagnarnám.

MYNDMENNT

Kennari: Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir.

Markmið: Að nemendur þekki 6-litahringinn og hugtökin lína og áferð.
Að nemendur þjálfist í að nota ýmiskonar liti og efni til að búa til myndir og önnur verkefni.
Að nemendur geti nýtt sér ofangreinda þekkingu til ýmissa tilrauna og tjáningar í eigin verkum.
Nemendur kynnast lítilega nokkrum þekktum myndlistarmönnum.

Námsefni: Unnið með vatnsliti, trélti, klessuliti, tússliti o.fl. Myndverk unnin úr ýmsum efnum.

Námsmat: Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum.

UPPLÝSINGATÆKNI

Kennari: Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir og Marzena Glodkowska

Markmið: Að nemendur geti nýtt sér kennsluforrit á mms.is sem hæfir aldri.
Nemendur þjálfist í notkun spjaldtölva og kynnist nokkrum öppum sem þjálfar m.a. forritun og sögugerð.

Námstilhögun: Nemendur vinna ýmis verkefni í spjaldtölvum.

Námsmat: Samþætt með Byrjendalæsi og stærðfræði.

ÍPRÓTTIR

Kennarar:

Sigríður Guðjónsdóttir, Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir.

Markmið: Að stuðla að almennum hreyfiþroska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.

Kennsla: Í leikfimi eru 2 kennslustundir á viku og 1 kennslustund í sundi á viku.

Kennslan fer fram í íþróttahúsinu við Austurveg.

Námsmat: Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum.

DANS

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.

Markmið:

Dansað einföld hreyfimyndur og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóddönsum

Tekið tillit til jafningja í samstarfi

Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.

Námsgögn: Verkleg kennsla, sýni kennsla og sköpun

Námsmat: Símat, lokaekinn í formi bókstafs að vori. Áhersla á leiðsagnarnám.

FORELDRASAMSTARF

Umsjónarkennari leggur mikla áherslu á gott samstarf við foreldra.

Í september er haustfundur með foreldrum þar sem ýmis málefni eru kynnt er varða skólastarfið.

Samráðsdagar verða tveir, 1. október og 5. febrúar. Þá verða nemendastýrð viðtöl foreldra, nemenda og kennara. Oftast er hægt að ná tali af kennurum í skólanum eftir kennslu. Einnig er hægt að senda tölvupóst marzenag@isafjordur.is og helgaad@isafjordur.is Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann.

Annað

Námsgreinar skarast töluvert í 2. bekk og ekki er alltaf auðvelt að greina á milli þeirra. Hér hefur verið reynt að geta flestra námsbóka og viðfangsefna og oft ná sömu bækur yfir fleiri en eina námsgrein.

<http://vefir.nams.is/namsmat/haefnividmid.html>

Einkunnir gefnar í bókstöfunum: A, B+, B, C+, C, D.